

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 8. júlí 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. málslíður 2. mgr. 88. gr. hljóði svo: Kennslu í almennri lögfræði og ágrípi af réttarsögu skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í janúar eða að vori á 1. námsári. Heimilt er að endurtaka prófið að vori eða hausti.

2. gr.

Niðurlagsákvæði í 4. mgr. 88. gr. um munnlegt áfangapróf falli niður.

3. gr.

Orðin „Próf í almennri lögfræði“ í 3. mgr. 89. gr. falli niður.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir aftan 89. gr. falli niður.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. júlí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.